

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, kt 710812-0120, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, kt. 561192-2199, (SSNE) Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, kt. 521292-2419 (SSNV) og Ferðamálastofa, kt. 530169-4059, gera með sér svofelldan

samning

um stofnun Áfangastaðastofu Norðurlands

I. Stofnun áfangastaðastofu á Norðurlandi

1. gr. Forsendur

Forsenda samningsins er *Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030* sem unnin var í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og atvinnugreinarinnar. Þar birtast m.a. eftirfarandi áherslur:

Efnahagur - Arðsemi ofar fjölda ferðamanna

- Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt.
- Ábyrg ferðaþjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun.
- Sókn á verðmæta markaði og samræmi milli stefnu í flugsamgöngum og ferðaþjónustu.

Samfélag og heimamenn - Ávinningur heimamanna um allt land

- Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði.
- Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um land allt, árið um kring.
- Allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu.

Samfélag og ferðamenn - Einstök upplifun, gæði og fagmennska

- Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar.
- Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta.
- Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðaþjónustu.

Umhverfi - Jafnvægi milli verndar og hagnýtingar

- Minnkandi kolefnaspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa.
- Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.
- Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

2. gr. Markmið

Samningur þessi tekur til stofnunar áfangastaðastofu á starfssvæði SSNE og SSNV sem starfa mun í umboði þeirra. Áfangastaðastofa er samstarfsvettvangur viðkomandi sveitarfélaga, ríkis og atvinnugreinarinnar á því svæði. Markmið samningsins er að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi ferðaþjónustu á starfssvæði áfangastaðastofunnar. Stofnun áfangastaðastofa um land allt er veigamikill þáttur í að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi hennar á einstökum svæðum. Til að valda því hlutverki sem áfangastaðastofum er ætlað er nauðsynlegt að byggja upp öflugar áfangastaðastofur sem búa yfir sérhæfðum mannaúði, þekkingu og reynslu.

Eitt meginverkefni áfangastaðastofu er að leggja fram áfangastaðaáætlun fyrir viðkomandi landsvæði og tryggja að sú áætlun sé í samræmi við m.a. aðra lögbundna áætlanagerð og aðal- og deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.

3. gr. Hlutverk áfangastaðastofu

Á grundvelli alþjóðlegra viðmiða hafa stjórnvöld (ríki og sveitarfélög) skilgreint hugtakið áfangastaðastofa með eftirfarandi hætti: Áfangastaðastofa er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðapjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Á meðal hlutverka áfangastaðastofu eru eftirfarandi verkefni sem áfangastaðastofan sinnir í samstarfi og samráði við aðra aðila sem um sömu málaflokka hafa að gera:

- a. Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- b. Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðapjónustu.
- c. Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarþörf hvers landshluta.
- d. Stuðla að vöruþróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- e. Leggja mat á fræðsluþörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðapjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.
- f. Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðapjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild.
- g. Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðapjónustu samkvæmt samstarfssamningum.

4. gr. Fyrirkomulag

SSNE og SSNV hyggjast standa sameiginlega að rekstri áfangastaðastofu sem nái til starfsvæðis landshlutasamtakanna tveggja árin 2021 til 2023. Stefnt er að því að SSNE og SSNV semji við Markaðsstofu Norðurlands um að taka við þeim samningsskuldbindingum sem þau undirgangast samkvæmt samningi þessum er það varðar.

SSNE og SSNV er heimilt að fela Markaðsstofu Norðurlands, kt. 460112-2140, samningsskyldur sínar skv. II. kafla þessa samnings. SSNE og SSNV skulu auk Ferðamálastofu ákveða með viðauka við samning þennan hvernig skuli háttað því eftirliti og samskiptum sem kveðið er á um í II. kafla.

5. gr. Fjármögnun

Rekstur áfangastaðastofu skal fjármagnaður með eftirfarandi hætti:

1. Framlagi SSNE, SSNV og sveitarfélaga á svæðinu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.
2. Greiðslum frá Ferðamálastofu fyrir þjónustu eins og nánar er um samið og lýst í II. kafla þessa samnings.
3. Aðildargjöldum og þjónustusamningum fyrirtækja, einstaklinga og félagasamtaka innan og utan starfssvæðis áfangastaðastofunnar.
4. Verkefnastyrkjum sem áfangastaðastofan aflar og unnið er að, með eða án samstarfs við aðra.
5. Eingreiðslu að fjárhæð kr. 10.000.000 frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem greidd er með efnudum um sameiginlegan rekstur landshlutasamtakanna tveggja á áfangastaðastofu, sbr. 4. gr. þessa samnings. Samningsgreiðsla þessi skal greidd SSNV og SSNE samkvæmt nánari leiðbeiningum þeirra eigi síðar en 1. maí 2021.

6. Öðrum tekjum.

Áfangastaðastofan skal haga rekstri sínum þannig að tekjur dugi fyrir kostnaði. Aðilar þessa samnings skuldbinda sig ekki til fjármögnunar þeirra umfram það sem tilgreint er í samningnum.

II. ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI FERÐAMÁLASTOFU OG SSNE OG SSNV UM REKSTUR ÁFANGASTAÐASTOFU NORÐURLANDS.

6. gr. Fjárframlag

Ferðamálastofa leggur SSNE og SSNV árlega til á samningstímanum kr. 33.000.000 til að starfrækja áfangastaðastofu. Af þessari upphæð skal að lágmarki fara kr. 11.000.000 til verkefna sem skilgreind eru í áfangastaðaáætlun/verkefnaáætlun svæðisins ár hvert.

7. gr. Greiðslufyrirkomulag

Framlag Ferðamálastofu skal greitt í tveimur jöfnum greiðslum ár hvert inn á reikning 0159-26-1376, kt. 541292-2419.

Fyrri greiðslan skal greidd í upphafi árs eftir að starfsáætlun, sbr. c. lið 8. gr., fyrir nýhafið ár hefur verið skilað til Ferðamálastofu og hún yfirfarin. Seinni greiðslan skal greidd eftir að ársreikningi áfangastaðastofu fyrir síðastliðið ár hefur verið skilað til Ferðamálastofu. Áfangastaðastofa skal eftir fremsta megni leita annarra tekjuleiða, s.s. í gegnum innlend og erlend sér- og samstarfsverkefni.

8. gr. Verklag og eftirfylgni

- a. Áfangastaðaáætlun sem felur m.a. í sér verkefnaáætlun er í sífelldri endurskoðun, verkefnaáætlun er uppfærð árlega.
- b. Áfangastaðastofu er ætlað að velja verkefni sem taka mið af *Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðabjónustu til 2030* og skilgreina hvernig valin verkefni fylgja henni.
- c. Fyrir 15. febrúar ár hvert skila SSNE og SSNV Ferðamálastofu starfsáætlun áfangastaðastofu fyrir nýhafið ár, þar sem gerð er grein fyrir helstu markmiðum, áherslum og samþættingu við forsendur og hlutverk.
- d. Fyrir lok maí ár hvert skal skila Ferðamálastofu ársreikningi áfangastaðastofu fyrir síðastliðið ár.
- e. Samningsaðilar eiga stöðufundi að vori og hausti þar sem farið er yfir framgang verkefna. Boðun og skipulag funda er í höndum Ferðamálastofu í samráði við áfangastaðastofuna, SSNE og SSNV. Ekki er gert ráð fyrir frekari stöðufundum- eða skýrslum vegna einstakra verkþátta umfram það sem tekið er fram í samningi þessum.
- f. Áfangastaðastofan framkvæmir þjónustugreiningu á árangri sínum í samvinnu við SSNE, SSNV og Ferðamálastofu. Slíkri greiningu er ætlað að mæla ávinning verkefna, viðhorf hagsmunaaðila til þjónustunnar og hvort sú þjónusta sé í samræmi við hlutverk áfangastaðastofunnar.
- g. Ferðamálastofa hefur heimild til að leita skýringa á einstökum atriðum samningsins að hálfu SSNE og SSNV hvenær sem er á samningstímanum. Stofnuninni er einnig heimilt að gera sjálfstæðar athuganir á starfseminni til að afla upplýsinga um meðferð á opinberu fé og árangur af starfinu. Úttektin takmarkast við ákvæði annarra laga, sem mögulega kunna að takmarka aðganga að upplýsingum og samning þennan.
- h. Markaðssetning, sbr. f-lið 3. gr., er ekki fjármögnuð af þessum samningi en tilheyrir engu að síður hlutverkum áfangastaðastofu.

9. gr. Vanefndir

Ferðamálastofu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli áfangastaðastofan ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

III. ALMENN ÁKVÆÐI.

10. gr. Gildistími, uppsögn og endurskoðun

Samningur þessi gildir til 31. desember 2023. Samningsaðilar hefja endurskoðun samnings eigi síðar en sex mánuðum fyrir samningslok.

Óheimilt er að framselja fjárframlag skv. 6. gr. eða ráðstafa því til annarra verkefna en getið er um í samningi þessum.

Telji einn samningsaðili að hinn aðilinn uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar getur hann gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Verði forsendubrestur hjá öðrum hvorum samningsaðilanum er hægt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara, sem miðast þó við áramótin þar á eftir. Uppsögn samningsins miðast við mánaðamót.

11. gr. Lögsaga

Ef upp kemur ágreiningur um samning þennan skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sín á milli. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni. Framangreindu til staðfestingar rita fyrirsvarsaðilar nöfn sín undir.

Fulltrúi SSNV undirritar samninginn með fyrirvara um samþykki ársþings samtakanna.

Reykjavík, 7. apríl 2021

f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

f.h. SSNE

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Eyþór Björnsson
framkvæmdastjóri

f.h. Ferðamálastofu

f.h. SSNV

Skarphéðinn Berg Steinarsson
ferðamálastjóri

Unnur Valborg Hilmarsdóttir
framkvæmdastjóri